

Litaprufa

Vörulýsing

Flügger Litaprufa hentar vel til að aðstoða við litavalið áður en ákvörðun er tekin. Starfsmenn okkar aðstoða þig við að finna litinn þinn.



- **Prófaðu litinn í því umhverfi sem hann á að vera áður en þú tekur ákvörðun.**

Notkunarmöguleikar

Hentar til að meta liti innanhúss sem utan. Til að fá réttasta upplifun af litaprufunni er mikilvægt að fylgja neðangreindum leiðbeiningum.

Undirlag

Undirlagið þarf að vera hreint, þurrt og traust.

Meðhöndlun

Hreinsið flötinn með Flügger Fluren 37 fjölhreinsi. Grunnið gljúpa, ómeðhöndlaða fleti með Flügger Forankringsgrunder. Málið litaprufuna á nógu stóran flöt til að hægt sé að meta litinn vel. Gott getur verið að mála prufuna á plötu sem hægt er að færa á milli staða eða rýma svo hægt sé að meta litinn í mismunandi birtu og rýmum.

Notkun

Berið á með pensli eða rúllu. Hafa ber í huga að blæbrigðamunur getur verið á litum eftir undirlagi og við mismunandi birtuskilyrði. Einnig getur mismunandi gljástig á málningu haft áhrif á blæbrigði í litnum. Notið litaprufuna til aðstoðar við að taka ákvörðun um lit, en ekki sem lokaumferð.

Geymsla: Geymist á köldum en frostlausum stað. Gætið þess að umbúðirnar séu vandlega lokaðar.

Tæknilegar upplýsingar

Vara	Akrýlmálning;Litasýni
Gljái	5;Matt
Eðlisþyngd (kg/l)	1,3
Efnisnotkun (m ² /ltr.)	8
Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun	Min. +10°C
Þurrktími við 20°C, 60% RH (Tímar)	1
Fullharðnað þurrktími við 20°C, 60% RF	6
Fullharðnað þurrktími við 20°C, 60% RF	28
Þynning	Vatn
Þrif á verkfærum o.s.frv.	Vatn og sápa

Núverandi TDS útgáfa

janúar 2017